

Glæsibær Hörgársveit – auglýsing aðal- og deiliskipulagstillögu

Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti á fundi sínum þann 31. mars 2022 að vísa aðal- og deiliskipulagstillögu fyrir Glæsibæ í Hörgársveit í auglýsingu skv. 31. gr. og 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í aðalskipulagstillögunni felst breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar 2012-2024, á skipulagsupprætti og greinargerð sem staðfest var 17.12.2015. Gerð er breyting á landnotkun í landi Glæsibæjar í Hörgársveit þar sem gert er ráð fyrir að skilgreina 2. áfanga íbúðarbyggðar með 13 íbúðarhúsalóðum, en fyrri áfangi var skilgreindur með breytingu sem staðfest var 19.07.2020. Aðalskipulagsbreytingin sem óskað er eftir tekur til hluta jarðarinnar neðan vegar 816, samtals um 8,0 hektarar. Deiliskipulag er unnið samhliða aðalskipulagi og eru báðar tillögur auglýstar samtímis.

Skipulagstillögunar eru aðgengilegar á skrifstofu Hörgársveitar, Þelamerkurskóla milli 15. júní og 27. júlí 2022 sem og á heimasíðu sveitarfélagsins, horgarsveit.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á gera athugasemdir við skipulagstillöguna til miðvikudagsins 27. júlí 2022. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skulu berast til Skipulags- og byggingarfulltrúa Eyjafjarðar, Skólatröð 9, Hrafnagilshverfi, 605 Akureyri, eða í tölvupósti á netfangið sbe@sbe.is.

Skipulags- og byggingarfulltrúi